# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Borgarbyggð.**

*Íþróttasvæði, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti tillögu að deiliskipulagi íþróttasvæðis í Borgarnesi, á fundi sínum 16. janúar 2025.

Skilgreind er lóð undir núverandi íþróttahús og mögulega stækkun þess ásamt lóð fyrir knatthús. Lóðin Skallagrímsgata 7a var áður á deiliskipulagi skólasvæðisins en mun hér eftir tilheyra deiliskipulagi íþróttasvæðisins. Landfylling er auk þess áætluð á skipulagssvæðinu til þess að gera framtíðarstækkun íþróttasvæðisins mögulega en það liggur að mestu að sjó.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Borgarbyggð, 3. febrúar 2025.*

**Ásgerður Hafsteinsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 17. febrúar 2025